

**Skýrsla vinnuhóps
menntamálaráðherra um
háskólanámssetur á Austurlandi**

***Menntamálaráðuneytið
Janúar 2003***

Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólanámssetur á Austurlandi

Nóvember 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhóls götu 4
150 Reykjavík
Sími: 560 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: XYZETA ehf.

Prentun:

© 2002 Menntamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Byggðapróun, dreif- og símenntun.....	6
Háskólanám á Austurlandi	7
Starfsemi og aðstaða háskólanámsseturs	12
Skipulag háskólanámsseturs og tengsl þess við rannsóknar- og þjónustusetur.....	14
Aðild háskóla að rannsóknar- og þjónustusetri.....	16
Fjármál, stofn- og rekstrarkostnaður	18
Skipulag fjarnáms og samstarf háskóla	20
Lokaorð	22
Heimildir	23

Inngangur

Vinnuhópur um háskólanámssetur á Austurlandi var skipaður af menntamála-ráðherra. Í hópnum áttu sæti: Arnór Guðmundsson, menntamálaráðuneyti, formaður, Emil Björnsson, Fræðsluneti Austurlands, Óðinn Gunnar Óðinsson, Þróunarstofu Austurlands, Rögnvaldur Ólafsson, Háskóla Íslands og Ögmundur Knútsson, Háskólanum á Akureyri. Starfsmaður hópsins var Stefánía G. Kristinsdóttir. Hlutverk vinnuhópsins er að meta þörf og ávinning af stofnun háskólanámsseturs á Egilsstöðum sem og tengsl slíks seturs við stefnu stjórnvalda og skipulagningu dreifmenntunar og fjarkennslu á háskólastigi á landsbyggðinni. Vinnuhópurinn hélt sex fundi þar af voru tveir fjarfundir. Einn fundur var haldinn á Egilsstöðum þar sem hópurinn skoðaði fyrirhugaða aðstöðu fyrir háskólanámssetur.

Vinnuhópurinn hefur ákveðið að skila skýrslu þar sem kynntar eru helstu niðurstöður sem hópurinn hefur komist að. Leggur hópurinn til að tillögurnar verði kynntar hagsmunaaðilum og lýsir hópurinn sig tilbúinn til að þróa tillögurnar frekar að lokinni kynningu.

Tillögur vinnuhópsins eru eftirfarandi:

1. Vinnuhópur leggur til að komið verði á fót háskólanámssetri á Austurlandi sem staðsett verði á Egilsstöðum og það taki til starfa í ágúst 2003. Slíkt setur fellur vel að þeim áætlunum sem unnar hafa verið á vegum stjórnvalda, stefnu menntamálaráðuneytis um dreifmenntun og nýlegri byggðaaætlun.
2. Lagt er til að Fræðsluneti Austurlands verði falinn rekstur háskólanámssetursins á Egilsstöðum. Starfsemi Fræðslunetsins samrýmist vel fyrirhugaðri starfsemi háskólanámsseturs.
3. Háskólanámssetur hafi skipulagsleg tengsl við fyrirhugað rannsókn- og þjónustusetur og myndi með því þekkingarsetur. Samvinna þar á milli mun stuðla að gagnkvæmum stuðningi háskólanáms og rannsókna á svæðinu.
4. Lagt er til að stofnkostnaður og rekstur háskólanámsseturs verði í upphafi greiddur af fjárlögum. Skilgreina þarf greiðslu á kostnaði vegna dreifmenntunar og laga að reglum stjórnvalda um háskólanám. Meta þarf hvort greiðslur vegna dreifmenntunar komi beint af fjárlögum eða í gegnum viðkomandi háskóla.
5. Á grunni þess samstarfs sem þegar er til staðar í Fræðsluneti Austurlands verði í framtíðinni unnið að því að tryggja fjölbreytt framboð háskólanáms fyrir landsbyggðina. Jafnframt verði hugað að uppbyggingu netháskóla sem byggji á samstarfi allra háskóla í landinu um dreifmenntun og fjarkennslu.

Byggðapróun, dreif- og símenntun

Stjórnvöld hafa á undanförunum árum unnið að því að móta stefnu um háskólanám og þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni. Dreifð byggð og fjarlægðir hafa lengi haft áhrif á tækifæri til náms en á efri skólastigum í framhaldsskólum og háskólum hafa nemendur í dreifbýli þurft að flytja úr heimabyggð til að sækja nám. Í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins um rafræna menntun 2000-2003 eru sett fram markmið um uppbyggingu dreifmenntunar á öllum skólastigum. Dreifmenntun felur í sér að upplýsingatækni er nýtt til þess að auka námsframboð og brjóta niður þær takmarkanir sem fjarlægðir setja námi og kennslu. Farkennarar, farskólar, heimavistir og skólaakstur eru allt leiðir sem gripið hefur verið til. Með því að nýta upplýsingatækni og samhliða byggja upp staðbundna aðstöðu til háskólanáms opnast nýir möguleikar nemenda til að stunda nám í heimabyggð. Þannig gætu nemendur tengt saman nám frá fleiri en einum skóla. Á sama hátt geta kennarar kennt nemendum á fleiri en einum stað í senn. Í nýlegri byggðaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt er einnig lögð áhersla á að bæta aðgengi að háskólanámi á landsbyggðinni og efla þar þekkingarstarfsemi.

Hluti fjarnáms fer nú víða fram í staðbundnum lotum þar sem nemendur hittast og vinna í hópum að ýmsum verkefnum. Slíkt tíðkast til dæmis við Kennaraháskóla Íslands þar sem staðbundnar lotur fara fram nokkrum sinnum á ári. Erfitt er að skipuleggja slíkar lotur fjarri heimabyggð nemenda og þörf fyrir staðbundna aðstöðu í ólíkum byggðarlögum hefur aukist. Háskólinn á Akureyri hefur nýtt sér aðstöðu í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum fyrir nemendur til að sækja fjarkennslu og þar hefur smám saman þróast umhverfi þar sem ýmis stuðningur er veittur við nemendur. Segja má að dreifmenntun hafi þróast að vissu marki hér á landi en nauðsynlegt er að bæta skipulag hennar ef hún á að þróast frekar og festast í sessi.

Hingað til hefur nám í fjarkennslu og dreifmenntun verið á ábyrgð háskóla og fræðslu- og símenntunarmiðstöðva en engin opinber heildarstefna hefur verið til um þennan málaflokk. Námið hefur verið á ábyrgð og í umsjón viðkomandi háskóla sem samið hefur við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um aðstöðu vegna myndfundabúnaðar. Möguleikar nemenda til að auka sveigjanleika náms síns með því að stunda nám við fleiri enn einn háskóla hafa verið takmarkaðir. Þeir hafa haft takmarkaða aðstöðu til að vinna að verkefnavinnu með öðrum nemendum og umgangast þá utan kennslustunda. Sökum aðstöðuleysis er enn lítið um að háskólakennarar starfi við miðstöðvarnar og dveljist þar tímabundið, kenni eða vinni að rannsóknum. Þess ber að gæta að miðstöðvarnar hafa til þessa jafnhliða veitt þjónustu við dreifnám bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi en ef efla á starfsemi þeirra sem háskólanámssetra er nauðsynlegt að greina frekar þar á milli.

Átta fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru starfræktar víða um land. Meginhlutverk þeirra er að sinna endurmenntun og fjarnámi, fyrir skilgreind svæði á landsbyggðinni. Nú þegar stunda 7.881 nemendur fjarnám þar af 1.051 á háskólastigi frá sex háskólum.¹ Miðstöðvarnar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þjónustu vegna fjarnáms. Samræming og efling náms á háskólastigi er mikilvægur tilgangur með miðstöðvunum en misjafnt

¹ Kvasir skýrsla, október 2002.

er í hversu miklum mæli fjarnemar og fjarkennslustofnanir nýta sér þjónustu þeirra. Fjarnemar sumra skóla nýta fjarfundabúnað, ráðgjöf, lesaðstöðu, aðstöðu til verkefna- og hópvinnu og aðstöðu til próftöku, meðan nemendur annarra skóla eru í beinum samskiptum við sína skóla.

Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2002-2005 sem samþykkt var af Alþingi í júní 2002 er lögð rík áhersla á eflingu símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum, Þar segir:²

“Skoða þarf valkosti varðandi rekstrarform minni skóla á háskólastigi sem staðsettir eru á landsbyggðinni til þess að tryggja betur möguleika þeirra til að vaxa í nýju starfsumhverfi og ráða starfsfólk á breyttum forsendum. Starfsemi þeirra byggist orðið mikið á öðrum verkefnum en hefðbundinni kennslu, m.a. námskeiðum, símenntun, fjarkennslu, þátttöku í evrópuverkefnum, rannsóknar- og þróunarstarfi í samstarfi við atvinnulífið, ráðgjöf og sölu á sérfræðipækkingu”.

Sveitarfélög hafa tekið undir þessu áhersluatriði í byggðaáætluninni. Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sem haldinn var á Seyðisfirði 22.-23. ágúst 2002, var samþykkt að “fagna tillögu um eflingu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum, í stefnu í byggðamálum 2002-2005”. Í samþykktinni kemur einnig fram að “fundurinn væntir þess að tillögunni verði hrint í framkvæmd með sérstakri fjárveitingu þegar á næsta ári, þannig að starf Fræðslunets Austurlands og samstarfsaðila, við að bæta möguleika fólks til að afla sér háskólamenntunar geti eflst enn frekar”, segir í samþykktinni.³

Að mati vinnuhópsins falla hugmyndir um háskólanámssetur á Austurlandi vel að stefnumótun stjórnvalda um dreifmenntun og í byggðamálum. Tillaga hópsins er að við útfærslu hugmynda um háskólanámssetur verði byggt á þeim grunni sem mótast hefur með starfsemi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Þannig sé hægt að þróa aðstöðu fyrir háskólanám með dreifnámsfyrirkomulagi þar sem sköpuð er aðstaða bæði fyrir kennara og nemendur. Einnig er æskilegt að rannsóknarstarfsemi á viðkomandi stað sé tengd starfsemi háskólanámsseturs.

Háskólanám á Austurlandi

Fyrirhugað er að skipuleggja háskólanámssetur á Egilsstöðum sem verður hluti af þekkingarsetri þar sem ýmsar þjónustu- og rannsóknastofnanir munu hafa aðsetur sitt. Með þessu gefst kostur á að efla rannsóknir á sviði náttúru-, umhverfis- og vistfræði og tengja það starf við háskólanám, bæði grunnnám og framhaldsnám.

Eftirspurn eftir háskólanámi á Austurlandi.

Fyrsta desember 2001 voru íbúar á Austurlandi öllu samtals 11.798. Þar af bjuggu í Sveitarfélaginu Hornafjörður 2.336 íbúar, í Fjarðabyggð 3.062 íbúar, á Austur-Héraði 2.031 íbúar og á Héraði öllu samtals 2.882 íbúar. Á svæði sem er um klukkustundar akstur eða minna frá Egilsstöðum bjuggu samtals 7.756 íbúar í desember 2001 (til þessa svæðis telst Hérað, Seyðisfjörður, Borgarfjörður eystri, Fjarðabyggð, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður).

² Finna heimild

³ www.ssa.is

Fyrsta desember 2001 voru skráðir 136 nemendur búsettir á Austurlandi í fjarnámi á háskólastigi. Þetta eru um 1,15% íbúa í fjórðungnum, en það er hæsta hlutfall á Íslandi mælt eftir landsfjórðungum utan höfðuborgarsvæðisins. Að meðaltali stunda 0,48% íbúa landbyggðarinnar fjarnám á háskólastigi.

Dreifing fjarnemenda á háskólastigi veturinn 2001-2002 var þannig að 31 nemandi var búsettur í Sveitarfélaginu Hornafjörður, 34 nemendur í Fjarðabyggð, 41 á Austur-Héraði en 54 á Héraði öllu. Samtals stunduðu 94 nemendur fjarnám á háskólastigi á svæði sem er um klukkustundar akstur eða minna frá Egilsstöðum. Þess utan tekur alltaf nokkur fjöldi þátt í endurmenntunarnámskeiðum á háskólastigi.

Framboð á háskólanámi á Austurlandi

Fram til 1998 var fjarnám fyrst og fremst bundið við kennaranám á vegum Kennaraháskóla Íslands. Með tilkomu Fræðslunets Austurlands, sem stofnsett var haustið 1998, var gerður samningur við fimm háskóla og strax það haust voru um 40 nemendur sem stunduðu fjarnám á háskólastigi frá fjórum háskólum. Þróun þessa náms hefur verið hröð þannig að veturinn 2001-2002 stunduðu 136 nemendur fjarnám á háskólastigi á Austurlandi frá sex háskólum⁴.

Námsbrautir á háskólastigi veturinn 2001-2002 voru eftirfarandi: íslenska, ferðamálafræði, leikskólafræði, hjúkrunarfræði, rekstrarfræði, tölvunarfræði, þroskaþjálfanám, náms- og starfsráðgjöf, framhaldsnám íþróttakennara, diplómanám fyrir starfsfólk leikskóla, almennt kennaranám, tómstunda- og félagsmálanám. Meirihluti fjarnema á háskólastigi stundar nám með starfi og eru þar af leiðandi ekki nýútskrifaðir úr framhaldsskólum. Þessir nemendur eru yfirleitt fjölskyldufólk og stunda nám sem nýtist viðkomandi í starfi.

Miðlun háskólanáms á Austurlandi er með mismunandi hætti og á forsendum og samkvæmt óskum hvers háskóla fyrir sig. Sumir skólar nýta fjarfundabúnað talsvert fyrir sína kennslu en aðrir skólar leggja meira upp úr beinum tengslum við nemendur og byggja kennsluna gjarnan á námslotum sem fram fara fyrst og fremst í viðkomandi háskóla. Einnig eru staðbundnar námslotur þar sem nemendur eru kallaðir saman á einstökum stöðum á Austurlandi.

Umsvifamikil endurmenntun á sér einnig stað á Austurlandi í formi námskeiðahalds af margbreytilegum toga. Sem dæmi um öran vöxt í námskeiðahaldi má nefna að á vegum Fræðslunetsins sóttu um 400 manns námskeið árið 2000, árið 2001 voru þeir 567 og á vorönn ársins 2002 voru þátttakendur á námskeiðum samtals 892. Árið 2001-2002 voru 110 námskeið í boði á vegum Fræðslunetsins og þátttakendur samtals 1035 sem er 8,77% íbúa Austurlands. Ætla má að með bættri aðstöðu til endurmenntunar aukist umsvif endurmenntunarstofnana háskólanna m.a. með því að bjóða viðameira starfstengt nám, en góð reynsla er af slíku námi sem fjarnámi frá Endurmenntunarstofnun HÍ þegar 13 nemendur á Austurlandi luku 18 eininga rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun árið 2001.

⁴ Hér er eingöngu átt við innlenda háskóla, en auk þess stunda nokkur fjöldi fjarnám við erlenda háskóla.

Aðstaða til fjarnáms á háskólastigi

Með tilkomu Fræðslunetsins var samið um aðstöðu fjarnema til að sækja kennslustundir í þremur framhaldsskólum á Austurlandi. Í skólunum var komið fyrir fjarfundabúnaði, til að byrja með einu tæki í hverjum þeirra. Jafnframt var samið um aðgang að annarri þjónustu s.s. bókasafnsþjónustu og aðgengi að tölvum. Einnig hefur verið útveguð aðstaða til fjarnáms í gegnum fjarfundabúnað í félagsheimilum, á bæjarskrifstofum, hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands, Próunarstofu Austurlands og fleiri stöðum, eftir því sem aðstæður hafa kallað eftir hverju sinni, sjá töflu 3.1 yfir staði með fjarfundabúnað á Austurlandi.

Tafla 3.1 Staðir með fjarfundarbúnað á Austurlandi	
Vopnafjörður	Félagsheimilið Mikligarður
Seyðisfjörður	Heilbrigðisstofnun Austurlands
Egilsstaðir	Menntaskólinn á Egilsstöðum (2 sett), Próunarstofa Austurlands, Landsímenn hf. og Heilbrigðisstofnun Austurlands
Reyðarfjörður	Ráðhús
Eskifjörður	Bæjarskrifstofur Fjarðabyggðar
Neskaupstaður	Verkmenntaskóli Austurlands
Fáskrúðsfjörður	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
Breiðdalsvík	Grunnskóli Breiðdalshrepps
Djúpivogur	Grunnskóli Djúpavogs
Hornafjörður	Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Bæjarskrifstofur Hornafjarðar - Hofgarður - grunnskóli og Hrollaugsstaðir - grunnskóli

Í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu var í haust tekin í notkun ný og glæsilega aðstaða til framhaldsskólanáms og nýtist sú aðstaða jafnframt til háskólanáms. Í sömu byggingu er einnig til húsa svo kallað frumkvöðlasetur og Háskólasetrið á Hornafirði sem Háskóli Íslands, bæjarfélagið og nokkrar stofnanir reka. Í Verkmenntaskóla Austurlands er námsaðstaða fyrir fjarnema auk þess sem nemendur hafa aðgang að stoðþjónustu, svo sem bókasafni og tölvuveri. Sama þjónusta er í boði hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Þrátt fyrir góða útbreiðslu fjarfundabúnaðar þá skortir mikið á þjónustu við nemendur og aðgengi þeirra að hefðbundnu háskólaumhverfi, rannsóknnum og hópvinnu.

Fræðslunet Austurlands

Fræðslunet Austurlands var stofnað í nóvember 1998. Stofnfélagar eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri, Próunarstofa Austurlands, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Alþýðusamband Austurlands, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands, Félag

opinberra starfsmanna á Austurlandi, auk um tuttugu fyrirtækja á Austurlandi. Nýlega bættist Háskólinn í Reykjavík í hóp stofnaðila.

Meginmarkmið Fræðslunets Austurlands er að bæta aðgengi íbúa fjórðungsins að háskólanámi og símenntun og styrkja með því jákvæða byggðapróun, eins og segir í 3. grein skipulagsskrár Fræðslunets Austurlands. Svo þessi markmið náist mun Fræðslunetið:

- *hlutast til um að boðið verði upp á nám á háskólastigi á Austurlandi, með því að þróa og skipuleggja viðtæk tengsl við aðila er bjóða upp á nám á því stigi og miðla því til almennings og atvinnulífs á Austurlandi,*
- *stuðla að auknu framboði á Austurlandi á símenntun og fullorðinsfræðslu á öllum stigum menntunar og miðla því til almennings og atvinnulífs í fjórðungnum,*
- *hafa frumkvæði að því að fylgjast með og nýta bestu fánlegu fjarkennslutækni hverju sinni,*
- *hafa samstarf við rannsóknastofur á Austurlandi.*

Stjórn Fræðslunets Austurlands er skipuð fulltrúum frá ofangreindum stofnaðilum. Þessi breiða stjórnaraðild er mikilvæg fyrir Fræðslunet Austurlands og þar með fræðslustarf á Austurlandi⁵.

Sérstakt framkvæmdaráð starfar á vegum Fræðslunets Austurlands. Það er skipað fulltrúum framhaldsskóla á Austurlandi ásamt framkvæmdastjóra Fræðslunetsins. Hlutverk þess er m.a. að vinna að undirbúningi, skipulagningu og samræmingu námsframboðs á Austurlandi, samkvæmt 3. grein skipulagsskrár Fræðslunets Austurlands og að skipuleggja og samræma starfsemi Fræðslunetsins innra starfi framhaldsskólanna þar sem það á við.

Fræðslunetið hefur nú þegar yfir að ráða 2,25 stöðugildum. Þar af eru:

- *Framkvæmdastjóri sem heldur utan um rekstur FNA og þar með símenntun og háskólanám á Austurlandi og markaðssetningu á símenntun og háskólanám á Austurlandi (75% starf)*
- *Verkefnisstjóri – ráðgjafi sem veitir ráðgjöf m.a. til atvinnulífsins (1 starf)*
- *Starfsmaður á skrifstofu sem sinnir almennum skrifstofustörfum (50% starf)*

Fræðslunetið skipuleggur og miðlar námskeiðum og háskólanámi á Austurlandi og er tengiliður milli skólanna og nemenda á Austurlandi. Háskólarnir nýta Fræðslunet Austurlands með mismunandi hætti og bera faglega ábyrgð á því námi sem þeir bjóða í fjarnámi. Fræðslunetið kynnir námsframboð skólanna og veitir nemendum margvíslega aðstoð svo sem um námsframvindu, próftöku, lánsmöguleika og önnur hagsmunamál nemenda. Stjórn Fræðslunets Austurlands telur mikilvægt að bæta enn frekar aðstöðu fjarnema á Austurlandi og auka ráðgjöf og upplýsingagjöf til þeirra, samanber stöðugreiningu sem fram fór á vegum stjórnar Fræðslunetsins⁶.

⁵ Sbr. stöðugreiningu FNA á vorönn 2002.

⁶ Stöðugreining

Forsendur og ávinningur af háskólanámssetri

Eins og stóraukin aðsókn að námskeiðum og háskólanámi hjá Fræðslunetinu sýnir, er mikill og vaxandi áhugi meðal íbúa á Austurlandi á menntun. Fjarnám á háskólastigi hefur sýnt sig að vera raunhæfur valkostur. En menntunarstig á Austurlandi er lágt, eins og víðast hvar á landsbyggðinni. Kannanir hafa sýnt að rúm 52% vinnuafls eru ófaglærð⁷. Kannanir sem gerðar voru árið 1998 sýna að áhugi er meðal íbúa á Austurlandi að eiga þess kost að stunda nám á háskólastigi í heimabyggð.

Samkvæmt könnun sem gerð var meðal einstaklinga á Austurlandi kom fram að um 80% vilja eiga kost á að stunda háskólanám í sínum landsfjórðungi⁸. Önnur könnun sem gerð var meðal nemenda á 3. og 4. námsári í framhaldsskólum á Austurlandi, árið 1998, sýndi að um 78% þeirra sögðust vilja eiga þess kost að stunda nám á háskólastigi á Austurlandi⁹. Ef marka má niðurstöður þessarar könnunar er ungt fólk markhópur sem fjarnemendur, þó lítið hafi hingað til verið gert til að höfða til þess hóps.

Í könnun sem gerð var hjá forstöðumönnum fyrirtækja og stofnana á Austurlandi árið 1997 kom fram að þessir aðilar kalla sérstaklega eftir tölvuþekkingu og framleiðslu- og þjónustuþekkingu starfsmanna sinna¹⁰. Ætla má að með auknum umsvifum, m.a. vegna virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, fiskeldi svo og með breytingum á hefðbundnum atvinnugreinum og vaxandi fjölda íbúa með háskólamenntun á Austurlandi muni þörf fyrir hvers konar menntun, ekki síst á háskólastigi, fara vaxandi.

Almennt er krafa um gott aðgengi að fjölbreyttri þjónustu. Ákveðin tegund þjónustu við almenning og atvinnulíf hefur aukist hratt á svæðinu undanfarin ár. Hér er til dæmis um að ræða ráðgjafar-, verkfræði-, fjármála- og lögfræðiþjónustu. Í ljósi reynslunnar af bættu aðgengi að fjarnámi má ótvírætt draga þá ályktun að enn betri aðstaða til háskólanáms og bætt þjónusta við nemendur muni auka enn frekar eftirspurn eftir námi á háskólastigi á svæðinu. Líklegt er að eftirspurn eftir stuttu námi á háskólastigi eigi eftir að verða vaxandi, t.d. diplóma-námi og nokkurra missera námi hjá t.d. Endurmenntunarstofnun og öðrum menntastofnunum sem bjóða slíkt nám. Ætla má að með aukinni menntun eigi þessi þáttur eftir að verða stærri í almennt og viðvarandi endurmenntun fólks. Þá er líklegt að vinna við meistara- og doktorsnám eigi eftir að vaxa í heimabyggð – góð aðstaða og umhverfi mun hvetja til þess.

Mikill kostnaður fylgir því fyrir fjölskyldur taka sig upp til að stunda nám á háskólastigi á fjarlægum slóðum. Líklegt er að bætt aðstaða og aukið framboð á fjarnámi á háskólastigi muni sérstaklega hvetja fullorðið fólk til að stunda háskólanám í heimabyggð. Enn sem komið er hefur lítið verið reynt að höfða til yngsta aldurshópsins að stunda fjarnám á háskólastigi á svæðinu. Þótt líklegt sé að þessi aldurshópur muni mest sækja nám beint í

⁷ Staða háskólamenntunar á Austurlandi – Könnun meðal forstöðumanna fyrirtækja, ríkisstofnana og sveitarfélaga: RHA 1997

⁸ Staða háskólamenntunar á Austurlandi – Könnun meðal einstaklinga: RHA 1998

⁹ Gildi háskólamenntunar á Austurlandi fyrir byggðapróun: Katrín María Magnúsdóttir, 1998

¹⁰ Staða háskólamenntunar á Austurlandi – Könnun meðal atvinnurekenda og stofnana: RHA 1997

háskóla, má samt reikna með að allmargir í þessum aldurshópi hefði áhuga á háskólanámi með þessum hætti¹¹.

Það er mat vinnuhópsins að á Austurlandi sé góður jarðvegur fyrir frekari uppbyggingu háskólanáms og þekkingarstarfsemi. Þegar er fyrir hendi öflug starfsemi á háskólastigi á vegum Fræðslunets Austurlands og væntanleg er mikil uppbygging á svæðinu í tengslum við fyrirhugaðar virkjana- og álversframkvæmdir sem og aðra atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Eftirspurn eftir háskólanámi mun að öllum líkindum vaxa og háskólanámssetur mun styðja við atvinnuþróun á Austurlandi. Mikilvægt er að háskólanámssetur á Egilsstöðum þjóni öllu Austurlandi og byggi á grunni Fræðslunets Austurlands.

Starfsemi og aðstaða háskólanámsseturs

Með háskólanámssetrinu er markmiðið að byggja upp frá grunni fullkomna aðstöðu til náms á háskólastigi, þar sem meðal annars verði lögð áhersla á fjarnámsaðstöðu, aðstöðu nemenda til sjálfsnáms og aðstöðu einstaklinga og námshópa til náms og verkefnavinnu. Í háskólanámssetrinu er gert ráð fyrir að eftirfarandi starfsemi og þjónusta verði:

- *Nám á háskólastigi*
- *Símenntun og kennsla á háskólastigi frá aðilum úr þekkingarsetrum á Austurlandi.*
- *Endur- og símenntun á háskólastigi*
- *Skipulagning á starfsemi í háskólanámssetrinu*
- *Upplýsingar um starfsemina og háskólamenntun*
- *Náms- og starfsráðgjöf og námstækni í fjarnámi, kennsla á tölvu og annan búnað*
- *Umsjón með búnaði, svo sem tölvum, fjarfundabúnaði o.fl.*
- *Uppbygging upplýsingamiðstöðvar og gagnasafns.*
- *Umsjón með aðstöðu fyrir framhaldsnema sem stunda nám og rannsóknir á svæðinu*
- *Húsvarsla og umsjón með húsnæði*

Háskólanámssetur hefði yfir að ráða nokkrum kennslustofum með góðum fjarfundabúnaði og skjám og hljóðbúnaði, tölvuveri með öflugum fjarskiptatengingum, les- og vinnuaðstöðu nemenda, kaffistofu, bókasafni og skrifstofu umsjónarmanns, ráðgjafa og kennara sem tímabundið starfa í setrinu.

Núverandi húsnæði Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, s.k. Vonarlandshús sem skoðað hefur verið undir starfsemi háskólanámsseturs er á tveimur hæðum, samtals um 450m². Á neðri hæð er 60m² stofa og salerni. Á efri hæð eru stofur af eftirfarandi stærð: 3 stofur 15,7m² hver, ein 17,6m² stofa, ein 19m² stofa, ein 25m² stofa, ein 53m² stofa og þrjú minni herbergi frá 4,4m² til 9,4m². Á efri hæð er einnig 15,2m² eldhús og 10,7m² kaffistofa. Þar er einnig salerni, gangur með aðstöðu fyrir móttöku, ljósritunarvélar ofl. Í húsinu er

¹¹ Gildi háskólamenntunar á Austurlandi fyrir byggðapróun: Katrín María Magnúsdóttir, 1998

bæði lyfta og stigi og það uppfyllir að öðru leyti kröfur um aðgengi fatlaðra. Húsnæðið er í mjög góðu ástandi, var m.a. málað að innan í sumar, svo litlar breytingar þarf að gera á því vegna starfsemi háskólanámsseturs.

Lagt er til að Fræðsluneti Austurlands verði falinn rekstur háskólanámsseturs á Egilsstöðum. Hjá Fræðslunetinu eru nú þegar til staðar víðtæk tengsl við flesta háskóla á Íslandi og margar aðrar menntastofnanir. Þá hefur Fræðslunetið sterk tengsl við framhaldsskóla, atvinnulíf og sveitarfélög á Austurlandi. Það hefur skapað sér ákveðinn sess í austfirsku samfélagi, með sterkum tengslum víðar um land. Í samstarfi við háskóla hefur Fræðslunet Austurlands skipulagt nokkuð fjölbreytt háskólanám á Austurlandi. Það grunnskipulag sem þegar er til staðar fellur þannig vel að fyrirhuguðum rekstri háskólanámsseturs á Egilsstöðum.

Gert er ráð fyrir að Fræðslunetið muni bera ábyrgð á háskólanámssetrinu hvað varðar rekstur og fjármál. Skipað verði fimm manna ráð, svokallað háskólasetursráð, sem verði skipað fulltrúum háskóla auk fulltrúa frá þjónustu- og rannsóknasetrinu og fulltrúa Fræðslunetsins. Meginhlutverk þessa ráðs verði að;

- Móta stefnu og vinna að bættu framboði háskólanáms á svæðinu,
- Móta hugmyndir og byggja upp tengsl háskólanámssetursins við rannsóknarsetrið, fyrirtæki og rannsóknarstofnanir á Austurlandi.
- Meta reglulega eftirspurn eftir háskólanámi sem og rannsóknartækifæri á svæðinu með tilliti til frekari uppbyggingar háskólanámssetursins og þekkingarsetursins í heild sinni.

Starfsemi og þjónusta þekkingarseturs

Hér er ætlunin að gera grein fyrir þeirri starfsemi sem fer fram innan þekkingarsetursins og hvernig sú starfsemi tengist hlutverki og ábyrgð þeirra tveggja eininga sem starfa innan þess þ.e. þjónustu- og rannsóknasetursins og háskólanámssetursins.

Auk þeirrar kennslu sem háskólar bjóða upp á í háskólanámssetrinu þarf þar að byggja upp á margvíslega aðra þjónustu og starfsemi svo sem;

- Skipulagning á starfsemi í háskólanámssetrinu og umsjón með fjárhagslegum rekstri þess.
- Veita upplýsingaþjónustu og aðgang að gagnasafni.
- Upplýsingagjöf; almennt um starfsemina, til nemenda, tengiliður á milli fjarnámsskóla og nemenda önnur almenn þjónusta við nemendur,
- Náms- og starfsráðgjöf, námstækni í fjarnámi, kennsla á tölvur og annan búnað og námstækni
- Byggja upp og sjá um aðstöðu fyrir framhaldsnema sem stunda nám og rannsóknir á svæðinu.

Með samlegðaráhrifum þjónustu- og rannsóknaseturs og háskólanámsseturs má samnýta eftirfarandi starfsemi;

- Almenn húsvarsla og umsjón með húsnæði

- *Upplýsingaþjónusta og gagnasafn.*
- *Upplýsingamiðlun er varðar nám á vegum rannsóknaseturs*
- *Umsjón með undirbúningi aðstöðu vegna námskeiða á vegum rannsóknaseturs í háskólanámssetri*
- *Vinna að því að koma því á að austfirskir fræðimenn nýttist til kennslu í háskólanámssetri.*

Það er mat vinnuhópsins að samlegðaráhrif af aðkomu þessara tveggja eininga að þekkingarsetrinu felist ekki eingöngu í rekstrarlegum forsendum heldur ekki síst í þeim tækifærum sem slíkt samstarf opnar til uppbyggingar á austfirsku þekkingarsamfélagi með tilliti til staðbundinna aðstæðna og rannsóknataækifæra til dæmis á sviðum náttúrfræði-, hálendis- og orkurannsóknna. Vel má hugsa sér að í framtíðinni byggist upp í slíku setri vísir að háskóla með áherslu á svæðisbundnar rannsóknir og innlent og alþjóðlegt samstarf vísindamanna í tengslum við þær.

Skipulag háskólanámsseturs og tengsl þess við rannsóknar- og þjónustusetur

Jafnhliða undirbúningi fyrir háskólanámssetur hefur verið unnið að því að koma á fót rannsóknar- og þjónustusetri. Gert er ráð fyrir að þessar tvær einingar, háskólanámssetrið og rannsóknar- og þjónustusetrið, hafi skipulagsleg tengsl og myndi sameiginlega þekkingarsetur. Megin ávinningur með stofnun þekkingarseturs á Austurlandi er að samþætta rannsóknar- og þjónustustarfsemi og umsjón með kennslu á háskólastigi. Eins og áður segir er það einnig mat vinnuhópsins að byggja eigi á þeim grunni sem mótaður hefur verið með Fræðsluneti Austurlands.

Rannsóknar- og þjónustusetur

Samhliða áformum um uppbyggingu háskólanámsseturs hefur verið unnið að því að koma á fót rannsóknar- og þjónustusetri þar sem saman komi rannsóknar- og þjónustu stofnanir sem starfræktar eru á vegum ólíkra aðila. Þar má nefna Skógrækt Ríkisins, Héraðsskóga, Umhverfisstofnun - hreindýrarannsóknir, Háskóla Íslands, Landgræðslu Ríkisins, Búnaðarsamband Austurlands og Landsvirkjun. Af fyrrnefndum aðilum hafa Próunarstofa, Skógrækt ríkisins og Héraðsskógar komið að undirbúningi setursins.

Þessir aðilar eru nú þegar með töluverða starfsemi á Egilsstöðum og það er á grunni þeirrar viðamiklu starfsemi og með vísan til ákjósanlegra aðstæðna svæðisins sem efling þjónustustarfsemi og uppbygging rannsóknastarfsemi eru ákjósanlegar. Sérstaklega eru fyrir hendi rannsóknartækifæri á sviðum tengdum vistfræði, náttúrufræði, skógrækt, málefnum hálendisins, virkjunum, landgræðslu og landnýtingu. Í sveitarfélaginu er stærsti skógur landsins auk þess sem á Héraði hefur farið fram umfangsmesta gróðursetning trjáa á landinu. Örstutt er inn á hálendið m.a. á slóðir fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Búskapur er umtalsverður á svæðinu og flugvöllur er í túnfæti hugsanlegs seturs og því aðeins klukkutíma ferðalag á milli Egilsstaða og Reykjavíkur.

Með því að staðsetja þessar öflugu stofnanir á einum stað má efla enn frekar rannsóknir þeirra og þjónustu í framtíðinni. Slík uppbygging gæti gerst með eftirfarandi hætti;

- að auka og bæta þjónustu stofnananna með samstarfi þeirra
- að stofnanirnar sjálfar leggi aukna áherslu á rannsóknir
- að stofnanirnar í setrinu sameinist um rannsóknaverkefni
- að lögð yrði aukin áhersla á alþjóðleg verkefni
- að tekið yrði á móti rannsóknarhópum og framhaldsnemendum
- að komið væri á samstarfi setursins við innlenda og erlenda háskóla
- að byggður væri upp samstarfsvettoangur við innlenda háskóla varðandi rannsóknir og þróunarstarf.

Það er ekki aðeins að sú starfsemi sem fyrir er á Héraði og aðstæður þar bjóði upp á eflingu þjónustu- og rannsóknarstarfseminnar, heldur er margt í hinu stærra samhengi sem hvetur og býður upp á endurskoðun og eflingu hennar. Í því samhengi má til dæmis nefna auknar áherslur almennt á sviði umhverfismála og skuldbindingar þar að lútandi, þar sem m.a. skógrækt, kolefnisbinding skóga, landgræðsla og landnýting skipta máli. Þá er ýmislegt í stofnana- og lagaumhverfi okkar sem gefur tilefni til að ætla að breytingar séu að verða í þeim greinum sem hér eru helst til umfjöllunar. Þannig hefur nú verið sett á stofn ný Umhverfisstofnun, m.a. með samruna nokkurra fyrrverandi stofnana, en vel má sjá fyrir sér ýmsa þætti þeirrar stofnunar inn í þjónustu- og rannsóknasetri á Egilsstöðum. Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um landgræðslu, en þar er m.a. fjallað um að heimilt sé að starfrækja héraðssetur eftir því sem tilefni eru til. Til greina kemur að héraðssetur verði byggt upp í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er á Egilsstöðum.


Geta má þess að fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir á hálendinu norðan Vatnajökuls og hugmyndir um þjóðgarð þar, ættu að geta boðið upp á ýmsa snertifleti við hugsanlegt þjónustu- og rannsóknasetur jafnt á sviði rannsókna, orkumála, náttúruverndar eða vöktunar ýmis konar. Loks má benda á að sumarið 2002 hófst stórt og viðamikið rannsóknarverkefni sem nefnist "Skógvist – verkefni um lífbreytileika, framvindu og kolefnishringrás íslenskra skóga". Hér er um að ræða samvinnuverkefni Skógræktar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Skipulag þekkingarseturs

Í þekkingarsetrinu munu væntanlega starfa stofnanir sem heyra undir mismunandi ráðuneyti og eru á margan hátt með ólíkan bakgrunn. Til þess að stuðla að því að þekkingarsetrið verði samstæð heild, en ekki eingöngu samsafn stofnana eða útibúa stofnana, er mikilvægt að mótaður sé sameiginlegur vettvangur þeirra aðila sem í því starfa og mynda hið eiginlega þekkingarsetur. Þessi skipulagslega eining gæti byggst á eftirfarandi tengslum, sjá tillögu að skipuriti á mynd 4.1.

Ljóst er að þetta félag tæki á engan hátt yfir starfsemi einstakra stofnana þekkingarsetursins. Því mætti hins vegar fela umsjón og samræmingu með

Mynd 4.1 Skipurit Þekkingarseturs á Austurlandi



ýmsum sameiginlegum atriðum sem snerta alla aðila þekkingarsetursins. Hér gæti t.d. verið um að ræða rekstur og umsjón með aðstöðu fyrir rannsóknir, húsnæði og grunnbúnaði. Einnig mætti hugsa sér að ákveðin atriði í sambandi við rannsóknir og þróunarstarf væru sett undir sameiginlegan hatt og að á þessum sviðum komi allir sem á Þekkingarsetrinu starfa fram undir merkjum þess en ekki einungis undir merkjum þeirra stofnana sem þeir starfa fyrir. Á grundvelli þessa sameiginlega vettvangs eða félags mætti skipa stjórn fulltrúa háskólanámsseturs og rannsóknna- og þjónustuseturs.

Miðað við að Fræðslunetið flytji alla sína starfsemi í hið nýja setur er einungis gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að bæta við einu og hálfu stöðugildi til að sinna þeim störfum sem umsýsla við starfsemi í háskólanámssetrinu kallar á og eru skilgreind hér að framan.

Gera verður ráð fyrir sameiginlegum vettvangi háskólanámsseturs og þjónustu- og rannsóknaseturs meðal annars varðandi starfsmannamál upplýsingaþjónustu og rekstur gagnasafna. Auk þessa eina og hálfu stöðugildis er mikilvægt að bæði háskólanámssetrið og þjónustu- og rannsóknasetrið sameinist um starfsmann er sinni fyrst og fremst hús- og tækjavörslu fyrir allt þekkingarsetrið. Gert er ráð fyrir að í heild sé þetta allt að eitt stöðugildi sem gæti skipst þannig að um 1/3 stöðugildi kæmi í hlut háskólanámsseturs og 2/3 stöðugildi í hlut þjónustu- og rannsóknaseturs.

Aðild háskóla að rannsóknar- og þjónustusetri

Meðal markmiða rannsóknna- og þjónustusetursins er að byggja upp samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir. Rætt hefur verið um að Háskóli Íslands og Skógrækt ríkisins komi sér saman um að fá til starfa rannsóknamann sem geti styrkt starfsemi og samvinnu þessara aðila.

Háskólar myndu hafa eftirfarandi hag af slíku samstarfi:

- *Aðgang að fagþekkingu í skógrækt og skyldum greinum sem þeir hafa lítil eða ekkert af sem stendur.*
- *Aðgang að rannsóknnaðstöðu á Austurlandi meðal annars fyrir meistaranema. Þetta á við um skógrækt og gróðurfar en einnig er á*

Austurlandi góð aðstaða fyrir ýmsar náttúrufræðirannsóknir á hálendi Íslands.

- *Kennslukraft á nýjum sviðum sem greiddur er utan hins hefðbundna fjáröflunarkerfis háskóla.*
- *Betri almenn tengsl við rannsóknastarfsemi á Austurlandi*
- *Möguleika á betra samstarfi við heimafólk, meðal annars til að vekja áhuga þeirra á háskólanámi og símenntun á háskólastigi.*

Á móti myndi Þekkingarsetrið hafa eftirtalinn hag af samstarfinu:

- *Fá aðgang að þekkingu háskóla á rekstri rannsóknastarfsemi*
- *Fá aðgang að því gæðakerfi sem háskólar almennt nota við rannsóknir, t.d. við mat á verkefnum og starfsfólki*
- *Bætta möguleika á samstarfi við háskóla um rannsóknir og aðgengi að samstarfsaðilum og nemendum í rannsóknanámi.*

Rætt hefur verið um þátttöku Háskóla Íslands í Þekkingarsetrinu. Ef ráðinn yrði starfsmaður sem er vísindamaður og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til slíkra starfsmanna gæti hann bæði stundað rannsóknir, stjórnað þeim og kennt á háskólastigi í gegnum háskólanámssetrið, þannig að:

- *Hann stundi sjálfur rannsóknir og kennslu á sínu sérsviði og hafi aðstöðu til þess í Þekkingarsetrinu.*
- *Hann greiði fyrir rannsóknnum annarra í Þekkingarsetrinu meðal annar með því að hafa umsjón með grunnaðstöðu sem látin er í té þeim sem koma þangað frá Háskóla Íslands og öðrum stofnunum, innlendum og erlendum.*
- *Hann greiði fyrir rannsóknanámi á staðnum m.a. með því að stuðla að samstarfi milli háskóla og sérfræðinga á staðnum og veita nemendum aðstöðu til rannsókna.*
- *Hann stuðli að kennslu sérfræðinga á Austurlandi við íslenska háskóla, meðal annars með því að nýta aðstöðu Háskólanámssetursins til fjarkennslu.*

Slíkur starfsmaður gæti verði forstöðumaður þjónustu og rannsóknarsetursins og heyrt undir sameiginlega stjórn þess, samanber hjálagða tillögu að skipuriti (mynd 4.1)

Fjármál, stofn- og rekstrarkostnaður

Í eftirfarandi fjárhagsáætlun er kostnaði skipt niður í stofnkostnað annarsvegar og rekstrarkostnað hinsvegar. Rekstrarkostnaður miðast við Fræðslunet Austurlands og háskólanámssetrið sameinist um rekstur húsnæðisins. Heildarstofnkostnaður er áætlaður um 21 milljón en árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður í kringum 15 milljónir. Hingað til hefur ekki verið til staðar nein sérstök aðstaða fyrir nemendur í háskólanámi og símenntun á háskólastigi önnur en sú aðstaða sem þegar er til staðar vegna fjarkennslu.

Búnaður í háskólanámssetri á Egilsstöðum			
Kostnaðaráætlun			
Tegund	Fjöldi	Einingaverð	Samtals
Fartölvur	12	200.000	2.400.000
Fastar tölvur	5	150.000	750.000
Netþjónn ofl.	1	2.000.000	2.000.000
Fjarfundabúnaður (stór)	2	2.000.000	4.000.000
Fjarfundabúnaður (lítill)	2	1.000.000	2.000.000
Nemendastólar	100	10.000	1.000.000
Nemendaborð	60	10.000	600.000
Skrifborð	4	100.000	400.000
Skrifborðsstólar	4	50.000	200.000
Stór fundarborð	2	70.000	140.000
Ljósritunarmál	1	500.000	500.000
Skanni og prentari	1	100.000	100.000
Litlir prentarar	4	25.000	100.000
Skjávarpi	1	300.000	300.000
Töflur	5	25.000	125.000
Sýningartjöld	5	25.000	125.000
Kaffikrúkur	1	100.000	100.000
Hugbúnaður	1	1.000.000	1.000.000
Lagnir, þráðlaust samband	1	500.000	500.000
Hjálparbækur, handbækur, forrit	1	500.000	500.000
Heimasíða	1	800.000	800.000
Símkerfi	1	500.000	500.000
Skápar fyrir nemendur	30	10.000	300.000
Frágangur húsnæðis og flutningur	1	1.000.000	1.500.000
Ýmislegt			1.000.000
Samtals			20.940.000

Sé gert ráð fyrir að háskólanámssetrið taki til starfa í ágúst 2003 og samlegðaráhrifum þess við rekstur Fræðslunetsins má gera ráð fyrir eftirfarandi kostnaði fyrir heilt ár annarsvegar og frá ágúst til áramóta hinsvegar¹²:

¹² Þessi kostnaður kemur til viðbótar við núverandi rekstur og umsvif Fræðslunets Austurlands.

Rekstur háskólanámsseturs á Egilsstöðum Kostnaðaráætlun - drög				
Tegund	Fjöldi	Einingaverð	Samtals á ári	Árið 2003
Rafmagn			155.000	64.583
Hitun			240.000	100.000
Fasteignagjöld			480.000	200.000
Tryggingar			35.000	14.583
Ræsting			1.150.000	860.000
Símgjöld vegna tölvu og fjarfundabúnaðar			1.200.000	500.000
Aðgangur að upplýsingakerfum þjónusta vegna tæknimála (tölvur, sími ofl)			500.000	200.000
Eitt stöðugildi	1	5.000.000	5.000.000	2.300.000
Hús- og tækjavarsla	0,3	3.000.000	990.000	400.000
Upplýsingamiðstöð og gagnasmiðja	0,5	4.000.000	2.000.000	1.000.000
Húsaleiga ¹³			2.143.800	839.250
Ýmislegt			1.000.000	700.000
Samtals			15.393.800	7.532.417

Í ofangreindri áætlun er í grófum dráttum gerð grein fyrir föstum kostnaði við stofnun og rekstur háskólanámssetursins. Til að unnt sé að samræma áætlunina þeim reglum og viðmiðunum sem þegar eru til staðar vegna náms á háskólastigi þarf að meta frekar kostnað á nemanda er nýtir aðstöðu setursins, hugsanlega hlutdeild viðkomandi háskóla sem nýta aðstöðuna sem og spá fyrir um fjölda nemenda í framtíðinni með tilliti til frekari uppbyggingar setursins. Til að betur megi takast að hvetja háskóla á landinu til að byggja upp dreifkennslu og taka þátt í uppbyggingu og fjármögnun aðstöðu á landsbyggðinni þarf að skilgreina þennan kostnað sérstaklega og ef til vill með tilliti til mismunandi fræðigreina. Íhuga þarf fjármögnun dreifmenntunar í heild sinni og samræma reglum um fjármögnun háskólanáms en í þeim reglum sem nú gilda hefur kostnaður við dreifmenntun ekki verið skilgreindur sérstaklega¹⁴.

Auk þess sem það væri æskilegt að gera sérstaka grein fyrir slíkri menntun í opinberum reglum þarf að mynda sameiginlegan vettvang skólanna til að skipuleggja og samræma háskólanám í fjarkennslu og dreifmenntun. Það væri samræming sem fæli meðal annars í sér samræmt mat á þreyttum einingum milli skóla og sameiginlega uppbyggingu skóla á námsbrautum.

Fari svo að byggðar verði upp sérstakar námsbrautir sem kenndar verða frá háskólanámssetrinu þarf að meta hve stóran þátt slík kennsla mun spila í starfsemi setursins og hvernig hún muni tengjast þjónustu- og rannsóknasetrinu bæði varðandi fjármál og skipulag.

Vinnuhópur leggur til að stofnkostnaður og rekstur háskólanámsseturs verði í upphafi greiddur af fjárlögum. Skilgreina þarf greiðslu á kostnaði vegna dreifmenntunar og aðlaga að reglum stjórnvalda um háskólanám.

¹³ Aðalsteinn Guðmundsson, upplýsingar um leigu fyrir fasteignir ríkisins, 379 kr. á fermetra á mánuði en eingöngu er miðað við rekstur og viðhald húsnæðis ekki uppgreiðslu líkt og á almennum leigumarkaði.

¹⁴ Reglur 646 um fjárveitingar til háskóla.

Meta þarf hvort greiðslur vegna dreifmenntunar komi beint frá fjárlögum eða í gegnum viðkomandi háskóla.

Skipulag fjarnáms og samstarf háskóla

Skipulag fjarnáms er að mörgu leyti ólíkt skipulagi hefðbundins náms. Hingað til hafa engar ákveðnar reglur gilt um fjarkennslu, hvorki staðlar né mat á fjarkennslu með hliðsjón af hefðbundinni kennslu. Kennarar hafa bent á að undirbúningur vegna fjarkennslu sé mun meiri en við hefðbundna kennslu auk þess sem hún krefst aukinnar tæknikunnáttu og nýrra kennsluaðferða.

Eigi að takast að bjóða nemendum í dreifmenntun uppá fjölbreyttar námsbrautir og námsleiðir er mikilvægt að háskólar hafi samráð um uppbyggingu dreifmenntunar t.d. með samræmdu einingakerfi, gæðakerfi og námsframboði. Nú þegar hafa íslenskir háskólar átt samstarf um uppbyggingu á námsframboði. Til dæmis hafa Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri sameinast um þróun námsleiðar í nútímafræði sem hefur verið boðin í fjarkennslu. Þessir tveir skólar og Kennaraháskóli Íslands hafa einnig haft náið samstarf sín á milli um þróun fjarkennslu. Hólaskóli, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri hafa haft samstarf um fjarkennslu í ferðamálafræði. Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaháskólinn á Bifröst eru jafnframt með netvædda kennslu.

Netháskóli, skipulagsleiðir¹⁵

Á alþjóðlegum vettvangi er lögð æ meiri áhersla á þróun netháskóla (virtual universities) þar sem ný samskipta og upplýsingatækni er nýtt til að miðla menntun og koma til móts við vaxandi og fjölbreyttari hóp sem stundar háskólanám. Eins og kemur fram í nýlegri skýrslu um netháskóla á Norðurlöndum hafa flest Norðurlönd fyrir utan Ísland mótað sér stefnu um netháskóla og sett á fót stofnanir til að vinna að þróun þeirra. Í þessum löndum er áherslan ekki síst á að auka námsframboð og koma til móts við auknar kröfur um símenntun á háskólastigi. Síðast en ekki síst er netháskólum ætlað hlutverk í að styðja við menntun í dreifbýli og svæðisbundna þróun.

Þegar horft er til þróunar netháskóla á Íslandi þarf að taka tillit til margvíslegra þátta. Upplýsingatækni hefur þegar haft mikil áhrif á námsframboð og kennsluhætti í háskólum. Þegar hafa flestir háskólar á Íslandi komið á fót námsframboði á Netinu eða bjóða nám með fjarfundabúnaði. Rannsóknar- og háskólanet tengir saman alla háskóla og margar rannsóknarstofnanir með háhraðatengingu sem gerir kleift að miðla kennslu og margs konar efni með rafrænum hætti. Um áramót verður væntanlega tekið í notkun IP net fyrir framhaldsskóla og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar (FS-net) þar sem hægt verður að miðla fjarkennslu frá háskólum til miðstöðvanna með auðveldum hætti. Einnig má nefna að á Íslandi hefur nú verið komið upp sameiginlegu bókasafnskerfi sem þjóna mun öllum bókasöfnum í landinu. Þessu bókasafnskerfi mun væntanlega

¹⁵ Þessi kafli byggir að miklu leiti á skýrslu sem tekin var saman af Stellan Ranebo að beiðni undirbúningshóps um upplýsingatækni sem skipaður var af norrænu ráðherranefndinni. Þar er að finna yfirlit yfir fjarkennslu og samstarf Háskóla á Norðurlöndum varðandi námsframboð í slíkri kennslu.

tengjast landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum sem samið hefur verið um aðgang að.

Háskólar hafa í vaxandi mæli tekið upp netvætt námsumhverfi til að miðla kennslu bæði til nemenda í staðbundnu námi og fjarnámi.¹⁶ Hafa margir háskólar stuðst við námsumhverfið WebCT en aðrir nýtt önnur erlend kerfi eða þróað sín eigin. Til þess að háskólar geti þróað sameiginlegt námsframboð, þ.e. boðið nemendum að stunda nám í fleiri en einum skóla, er mikilvægt að netvætt námsumhverfi og að einhverju leiti nemendaskráningarkerfi háskóla á Íslandi séu samhæfð¹⁷. Æskilegast væri að allir skólar sameinuðust um eitt námsumhverfi og nemendaskráningarkerfi í samræmi við alþjóðlega staðla. Samræmd kerfi myndu auðvelda utanumhald dreifnáms, framsetningu námsbrauta og nemendaskráningu, sérstaklega vegna þeirra nemenda er stunda nám í fleiri en einum skóla. Slík samhæfing væri jafnframt mikilvægur þáttur í þróun netháskóla fyrir Ísland.

Netháskóli myndi auðvelda háskólum á Íslandi að koma til móts við vaxandi kröfur atvinnulífsins og einstaklinga um símenntun. Slíkt er ekki síst mikilvægt á landsbyggðinni þar sem framboð á símenntun á háskólastigi hefur verið takmarkað.

Upplýsingatækni býður upp á mikla möguleika í breytingu á kennsluáðferðum sem háskólar nýta sér í æ ríkari mæli. Hafa háskólar byggt upp stoðþjónustu á þessu sviði, svo sem í Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, Menntasmiðju Kennaraháskólans og fjarkennsluþjónustu Háskólans á Akureyri. Þá hafa Hólar, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík byggt upp netvætt námsumhverfi sem hentar vel til fjarkennslu. Mikilvægt er að styðja við þetta starf í hverjum skóla, en jafnframt auka samvinnu þeirra, til dæmis með samstarfi innan netháskóla.

Netháskóli getur ekki síst gegnt veigamiklu hlutverki í byggðapróun. Þannig getur hann stuðlað að fjölbreyttara námsframboði fyrir ólík byggðarlög og jafnframt opnað möguleika á að sérsníða nám með dreifmenntunarfyrirkomulagi sem kemur til móts við þarfir á tilteknum landssvæðum. Með því að margir háskólar leggi saman krafta sína í að skipuleggja námsframboð má ná fram aukinni fjölbreytni, sérhæfingu og aðlögun að þörfum ólíkra landssvæða. Sem dæmi má nefna að í mörgum háskólum eru nú kennd svipuð inngangsnámskeið í viðskipta- og rekstrarfræðum. Með því að sameinast um slík inngangsnámskeið með dreifkennslusniði gefst háskólum kostur á að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum.

Nauðsynlegt er að taka tillit til alþjóðlegs samstarfs og hvernig íslenskur netháskóli getur þróað námsframboð á alþjóðlega vísu, til dæmis á sviði sjávarútvegs- eða jarðhitarannsókna. Á norrænum og evrópskum vettvangi

¹⁶ Netvætt námsumhverfi vísar til þess kerfis er heldur utan um námsgögn og námstæki á netinu. Dæmi um slíkt er WebCT kerfið þar sem kennarar geta hannað ýmskonar kennslugögn með aðstoð kerfisins t.d. krossapróf, skoðanakannanir, einkunnarskráningu, spjallþræði auk þess að vista þar verkefni, lesefni og önnur kennslugögn. Í slíkum kerfum hefur sérhver kennari og nemandi skilgreindan aðgang að sínum gögnum og þeim hjálpartækjum sem til staðar eru. Sjá nánari lýsingu á t.d. www.webct.com.

¹⁷ Nemendaskráningarkerfi eru yfirleitt aðgreind frá þeim kerfum er halda utan um kennslu svo sem WebCT og þarf að flytja upplýsingar milli þeirra handvirk, auk þess eru slík kerfi oftast hluti af almennum tölvu- og upplýsingakerfum háskólanna og því ekki það sama fyrir alla háskóla. Miðað við mikla þróun á upplýsingakerfum fyrirtækja og stofnana undanfarin ár ættu þó að vera fyrir hendi möguleikar að samkeyra þær upplýsingar sem koma úr ólíkum kerfum í eitt slíkt sem sérstaklega héldi utan um nemendur í dreifmenntun og fjarkennslu.

er nú verið að vinna að þróun sameiginlegra netháskóla. Ef Ísland á að fylgja með í þeirri þróun er nauðsynlegt að huga að uppbyggingu netháskóla hér á landi. Þar sem Ísland er fámennnt land hafa háskólar hér á landi mikinn ávinning af því að tengjast háskólum í öðrum löndum með formlegum hætti með netháskólafyrirkomulagi. Nokkrar leiðir hafa verið farnar við skipulag netháskóla:

- *Sérstök deild í háskóla sem sér um fjarkennslu innanlands og á alþjóðavísu.*
- *Samstarf háskóla (samlag) sem samhæfa námsframboð á Netinu, oft með sameiginlegri vefgátt*
- *Sjálfstæð eining sem býður ekki námskeið en samhæfir þróunarstarf og rannsóknir og er ráðgefandi varðandi ákvarðanatöku.*

Huga þarf að því til hvaða markhópa á að höfða: hvernig á að koma til móts við þarfir markaðarins, félagslegar kröfur og akademískar kröfur. Tryggja þarf gæði dreifmenntunar með hliðsjón af hefðbundinni menntun auk þess sem móta þarf framlög og fjárveitingarumhverfi slíks náms. Leggja þarf sérstaka áherslu á þjálfun kennara varðandi dreifmenntun til dæmis hæfni þeirra til að nýta sér upplýsingatækni við kennslu og rannsóknir samhliða því að tryggja þeim aðgengi að rannsóknaraðstöðu og byggja upp slíka aðstöðu til staðbundinna rannsókna og háskólanáms á landsbyggðinni.

Vinnuhópurinn leggur til að í samvinnu við samstarfsnefnd háskólastigsins verði stofnaður starfshópur um stofnun Netháskóla Íslands. Slíkur hópur hefði það hlutverk að gera tillögur að skipulagi Netháskóla og lagaumhverfi, til dæmis með reglugerðum og/eða viðbótum við núverandi reglugerðir varðandi fjármögnun dreifmenntunar og fjarkennslu á háskólastigi.

Mikilvægt er að slík undirbúningsvinna hefjist sem allra fyrst til að flýta megi og auðvelda uppbyggingu dreifmenntunar á landsbyggðinni. Þegar eru til fordæmi og fyrirmyndir að slíku samstarfi, bæði hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum og ekki síst hjá Fræðsluneti Austurlands sem einna lengst hefur gengið í að vinna með öllu háskólastiginu að uppbyggingu fræðslu- og menntastarfs á Austurlandi.

Lokaorð

Vinnuhópurinn telur að á grundvelli þeirra tillagna sem fram koma í skýrslunni megi koma á fót öfluggu háskólanámssetri á Egilsstöðum. Mikilvægt er að unnið verði áfram að frekari útfærslu tillagna hópsins með tilliti til eftirfarandi:

- *Tengsl háskólanámsseturs við rannsókn- og þjónustusetur og heildarskipulagning þekkingarseturs.*
- *Fjármögnun reksturs háskólanámsseturs í samræmi við reglur um fjárveitingar til háskóla. Í þessu felst mótun nýrra reglna um fjármögnun dreifmenntunar á háskólastigi.*
- *Þróun netháskóla og samstarf háskóla um uppbyggingu náms með dreifmenntunarsniði.*

Heimildir

Aðalsteinn Snævar Guðmundsson. Framkvæmdastjóri Fasteigna Ríkissjóðs, fjármálaráðuneyti. Símaviðtal 11.11.2002. Leiga á fasteignum ríkissjóðs.

Ranebo, Stellan. A nordic survey of national initiatives for the developments of virtual universities. Desember 2001.

Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. 127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 843 – 538. mál.

Úttekt á stöðu og framtíðarhorfum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Október 2002.

www.menntagatt.is. Forskot til framtíðar, verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001-2003.

www.ssa.is. Samþykktir aðalfundar Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi 2002.

Þekkingarsetur á Egilsstöðum, greinargerð vinnuhóps á Austurlandi um þekk-ingarsetur.

www.bygg.is. Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleikum, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi. Byggðastofnun, október 2001.